

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna yfir Íslandi, um málskot til hæstaréttar um hvalflutninga.

1870.
23. júní.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið sent hingað útskrift af dómi hins konunglega landsyfirrættar á Íslandi, sem féll 18. janúarm. þ. á. í máli milli Sveinbjarnar prests Eyjólfssonar að Árnesi og Guðmundar Sakariassonar, um það, hvort Árness kirkja eigi tilkall til $\frac{1}{10}$ parts af hval nokkrum, sem fannst dauður í ísnum á Reykjarfirði, og var skorinn þar og fluttur í land sumpart á ísi og sumpart á báti upp í fjöru, þar sem kirkjan samkvæmt Vilkins máldögum á $\frac{1}{10}$ part af öllum hvalflutningum — en dæmt var, að Árness kirkja ætti ekki tilkall til hvalsins —, hafið þér, bæði af því, að það er efasamt, hvort dómurinn sé réttur, og svo af því, að hann snertir mjög rétt annara kirkna á Íslandi, þarsem mælt var svo um í dóminum, að máldagar aðeins heimili kirkjum þau réttindi, sem eru samkvæm almennum lögum, lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort eigi að skjóta dóminum til hæstaréttar, og ef fallið yrði á það, mælt til, að stjórnarráðið hlutadist til um, að gjafsókn yrði veitt Árness kirkju í þessu máli fyrir hæstarétti.

Útaf þessu er yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma í því, að eftir málavöxtum virðist vera ástæða til að skjóta málinu til hæstaréttar, og er því búið að senda það dómsmálastjórninni til frekari framkvæmda, að því er snertir gjafsókn í málinu.

53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

28. júní.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildlegast 21. þ. m. að veita prestaskólakandidat Hannesi Stephensen leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann sé ekki 25 ára að aldri.

1870.

28. júní.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, mælist stjórnarráðið til, að þér fáið fyrnefndum Hannesi Stephensen meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

30. júní.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um breyting á dýrleika tveggja jarða.

Með bréfi, dagsettu 11. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmáður, sent hingað með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns tvær bænarskrár, þar sem eigandinn að jörðunni Skógum í Mjóvafirði í Suðurmúlasýslu, Sveinn Sigurðarson, og eigandinn að hálfum Firði í Mjóvafirði, Ólafur Guðmundarson, sækja um, að þeim verði gefið nokkuð eptir af gjaldinu af jörðum þessum, af hinni fyrri $\frac{3}{4}$ partar og af hinni síðari $\frac{1}{4}$ partur, sökum þess, að tæðar jarðir hafa beðið tjón af skriðum, svo sem vottað er með hjálögðum skoðunargjörðum; jafnframt þessu hafið þér og borið það upp við stjórnarráðið, að dýrleiki þessara jarða verði settur niður með nýju mati eptir því hlutfalli, sem fyr var getið.

Útaf þessu verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið hvorki hefir heimild til að gefa neitt eptir af gjaldinu, nè til að láta nýtt jarðarmat fram fara, eins og þér hafið stungið uppá.

30. júní.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um afstöðu milli húsa á Akureyri.

Með bréfi, dagsettu 26. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmáður, sent hingað bænarskrá og fylgiskjöl, þar sem verzlunarfulltrúi kaupmanns L. Popps, Jóhannes Halldórsson á Akureyri, kvartar